

Ársskýrsla Festu 2015

UN Global Compact Communication of Engagement (COE) 2013-2015

Efni

- Hluti I. Inngangur og staðfesting frá framkvæmdastjóra og stjórn um stuðning við Global Compact.
- Hluti II. Markmið og árangur af starfi Festu

Yfirlýsing frá framkvæmdastjóra og stjórn

Til hagaðili okkar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Hr. Ban Ki-moon,

Í þessari ársskýrslu lýsum við starfsemi Festu árin 2013-2015 auk þess að staðfesta áframhaldandi stuðning okkar við tíu viðmið Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNGC) um mannréttindi, réttindi launþega, umhverfismál og varnir gegn spilling. Með þessari endurnýjuðu skuldbindingu, látum við í ljós vilja okkar til að ýta undir þessi viðmið eins og okkur er unnt og munum kynna þennan stuðning okkar fyrir aðildarfélögum okkar, hagaðilum og almenningi.

Sem miðstöð um samfélagsábyrgð á Íslandi hefur Festa það hlutverk að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu um samfélagsábyrgð og styðja við fyrirtæki sem vilja innleiða ábyrga starfshætti í stefnu sína og daglega starfsemi.

Við lýsum einnig yfir áframaldandi þátttöku okkar í verkefnum UNGC. Festa mun halda áfram þátttöku sinni í norrænu netverki UNGC þar sem skipulagsheildir á Norðurlöndum skiptast á reynslu og þekkingu.

Meðfylgjandi er árangursskýrsla (e. Communication of Engagement) Festu fyrir árin 2013 – 2015. Við munum deila þessum upplýsingum með hagaðilum okkar og fögnum öllum ábendingum um innihald hennar.

Virðingarfyllst,



Ketill Berg Magnússon
Framkvæmdastjóri

[sign]

Stjórn Festu


Laða að ný aðildarfélög sem vilja innleiða stefnu um ábyrga starfshætti.

Aðgerðir

Við höfum samand beint við forstjóra íslenskra fyrirtækja, forstöðumenn opinberra stofnanna, borgar- og bæjarstjóra og bjóðum þeim að gerast meðlimir í Festu. Við hvetjum þetta fólk jafnframt til að innleiða samfélagsábyrgð og sjálfbærni í stefnu og daglegan rekstur starfseininga þeirra. Festa var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum en opnaði fyrir félagsaðild félags og stofnanna árið 2013. Aðildarfélögum hefur fjölgað hratt síðan. Alls voru þau 46 talsins í lok árs 2014 en hafði fjölgað í 70 talsins í lok árs 2015, eða um 24 félög. Þegar aðalfundur Festu árið 2016 var haldinn voru aðildarfélögin orðin 81.

Útkoma

Fjöldi aðildarfélaga



Þjóða fræðslu, umræðufundi og vinnustofur um samfélagsábyrgð og sjálbæran rekstur.

Aðgerðir

Tengslanetsfundir eru skipulagðir fyrir aðildarfélög Festu. Markmið þeirra er að félög deili þekkingu og bestu aðferðum um innleiðingu á ábyrgum starfsháttum.

Málþing þar sem tveir til þrír framsögumenn deila þekkingu sinni um ákveðin málefni tengd samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Málþingin eru öllum opin.

Vinnustofur um hagnýtar aðferðir og verkfæri til að innleiða samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Vinnustofur eru öllum opnar en félagar í Festu fá afslátt af aðgangseyri.

Ráðstefnur eru skipulagðar af Festu. Árleg Janúarráðstefna Festu er jafnan stærsti viðburðurinn á Íslandi á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni. Markhópurinn eru forstjórar og stjórnendur og allir eru velkomnir.

Kynningar á ráðstefnum og fundum á vegum annarra eða á innanhúss fundum aðildarfélags Festu.

Árangur

	2013	2014	2015
# Tengslanetsfundir:	2	7	5
# Fjöldi þátttakenda ár ári:	15	115	83
# Málþing:	5	2	3
# Heildarfjöldi þátttakenda:	225	106	278
# Vinnustofur:	2	2	2
# Heildarfjöldi þátttakenda:	53	34	46
# Ráðstefnur:	2	3	3
# Heildarfjöldi þátttakenda:	150	371	413
# Kynningar:	3	17	19
# Heildarfjöldi þátttakenda:	145	695	669

Samræðufundur með stjórnmalafólki og stjórnslu um mikilvægi samfélagsábyrgðar og sjálfbærni.

Aðgerðir

Festa miðlar af eigin frumkvæði mikilvægi þess að yfirvöld hafi skýra framtíðarsýn um ábyrg fyrirtæki og samskipti þeirra og áhrif á samfélagið.

Það er mikilvægt að forystufólk stjórnvalda miðli sýn um að fyrirtæki hafi jákvæði áhrif á samfélagið og umhverfið. Stjórnvöld eru hvött til að skapa rekstrarumhverfi sem hvetur fyrirtæki til að starfa af ábyrgð, og nota reglur, skattakerfið og önnur hvatakerfi til að svo geti orðið.

Festa skipuleggur málþing um stefnu og sýn stjórnvalda um samfélagsábyrgð auk þess að funda um málefnið með ráðherrum og opinberum embættismönnum.

Árangur

Festa var meðskipuleggjandi opins málþings um hlutverk stjórnvalda um samfélagsábyrgð fyrirtækja í október 2013 með þátttöku iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Í maí 2014 skipulagði Festa málþing um samfélagsábyrgð ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu hins opinbera í samstarfi við Stofnun um stjórnsýslufræði og stjórnmal.

Í janúar 2015 áttu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Fstu fund með fjármálaráðherra þar sem Festa lagði fram þrjár tillögur:

1. Opinberar stofnanir verði fyrirmyndir þegar kemur að samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri.
2. Innkaup hins opinbera beinist til birgja sem sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu.
3. Yfirvöld setji skýra framtíðarsýn um ábyrgð fyrirtæka í samfélaginu.

Í ágúst 2015 áttu framkvæmdastjóri og varaformaður Fstu fund með viðskipta- og iðnaðarráðherra til að ræða tilskipun Evrópusambandsins sem skyldar stór fyrirtæki til að birta árlega skýrslu um samfélagsábyrgð þeirra. Festa lagði þar fram eftirfarandi tillögur:

1. Yfirvöld setji skýra framtíðarsýn um ábyrgð fyrirtæka í samfélaginu.
2. Yfirvöld skapi rekstrarumhverfi sem hvetji fyrirtæki til samfélagsábyrgðar.
3. Teknar verði upp reglur um samfélagsskýrslur til samræmis við Evrópu og Norðurlönd.
4. Meiri áhersla verði lögð á fræðslu og rannsóknir á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni í rekstri.

Hvetja fyrirtæki og stofnanir til að setja sér markmið um loftslagsmál

Aðgerðir

Haustið 2015 lagði borgarstjórinn í Reykjavík til samstarf við Festu um að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að setja sér markmið og skrifa undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL).

Festa, ásamt Reykjavíkurborg hannaði umgjörð um loftslagsyfirlýsingu sem Festa kynnti fyrir leiðtogum íslenskra fyrirtækja og stofnanna.

Til að styðja við þátttakendur í yfirlýsingunni hannaði Festa fræðsludagskrá fyrir stofnanir og fyrirtæki í því skyni að auðvelda þeim að setja sér og birta loftslagsmarkmið.

Árangur

Þann 16. nóvember 2015 skrifuðu 104 leiðtogar íslenskra fyrirtækja og stofnanna, háskóla og samtaka undir yfirlýsingu þar sem þau hétu því að birta mælanleg markmið um eftirfarandi þætti fyrir 30. júní 2016:

- i. Minnka losun gróðurhúsalofttegunda.
- ii. Minnka losun úrgangs.
- iii. Mæla árangurinn og birta reglulega upplýsingar um árangur ofangreindra aðgerða.

Festa hefur skipulagt fræðsludagskrá með 12 fræðsluviðburðum um loftslagsmál og markmiðasetningu. Viðburðirnir fara fram frá desember 2015 fram í september 2016. Dagskráin samanstendur af:

- 7 Mánaðarlegum hugmyndafundum
- 3 Málfundum með stuttum fræðsluerindum frá sérfræðingum
- 2 Vinnustofum þar sem félögum eru kynntar aðferðir og verkfæri til að mæla losun GHL og úrgangs í rekstri þeirra.

Miðlun upplýsinga til að auka vitund um samfélagsábyrgð og sjálbæran rekstur.

Aðgerðir



Samfélagsmiðlar

Festa notar hefðbundnamiðla og samfélagsmiðla til að vekja athygli og auka vitund fyrirtækja og almennings um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri fyrirtækja og stofnanna.

Mæla vitund og viðhorf

Kannað er hvernig almenningur og stjórnendur fyrirtækja upplifa samfélagsábyrgð fyrirtækja. Árið 2014 spurði Gallup almenning og stjórnendur hvort þau teldu að fyrirtæki hafi jákvæði áhrif á íslenskt samfélag. Þetta er sama spurning og Evrópusambandið spurði almenning í Evrópu um í EU Flash Eurobarometer 363 árið 2013.

Árangur





F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja



Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

FESTA
Menntavegi 1

101 Reykjavík
+354 599 6600

festa@csriceland.is
www.csriceland.is